

Miðvikudaginn 21. maí 1980.

Nr. 294/1977. **Fiskveiðasjóður Íslands**

(Axel Kristjánsson hrl.)

gegn

**Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

**Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og**

**Vélbátatryggingu Reykjaness**

(Sigurður Helgason hrl.).

Úthlutun uppboðsandvirðis.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. nóvember 1977. Hinum áfrýjaða úrskurði var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1976. Með dómi Hæstaréttar 26. október 1977 var því sakarefni, sem hér er til endurskoðunar, vísað frá Hæstarétti. Er málinu nú áfrýjað með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að greiðslur til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að fjárhæð 100.022 krónur, og til Vélbátatryggingar Reykjaness, að fjárhæð 961.778 krónur, verði ekki teknar með við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Hannesar lóðs, VE 7. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f. Hann krefst ekki málskostnaðar úr hendi annarra stefndu.

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar „með þeirri undantekningu, sem leiðir af hæstaréttardómi í málinu nr. 33/1976, sem uppkveðinn var 26. desember 1977“. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatrygging Reykjaness hafa einungis gert þær kröfur í málinu, að

áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim ómakslaun vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, fóru fram tvö nauðungaruppböð á v/s Hannesi lóðs, VE 7. Hið fyrra 26. júlí 1974, en hið síðara 19. júní 1975. Á því uppböði varð stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f hæstbjóðandi. Hinu 23. júní 1975 ritaði uppböðshaldari stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingu Reykjaness bréf, þar sem óskað er upplýsinga um kröfur þeirra til beinna fjárgreiðslna af uppböðsandvirði með vöxtum og kostnaði. Báðir þessir aðiljar svöruðu bréfunum. Í bréfi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 30. júní 1975 segir meðal annars: „ . . . verður skuld sú, er lýst var vegna nauðungaruppböðs á bátunum, millifærð af tjónbótum“. Í bréfi Vélbátatryggingar Reykjaness 7. júlí 1975 segir svo: „Uppböðskrafa Vélbátatryggingar Reykjaness mun verða skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verður að greiða eigendum, og mun því ekki verða krafist greiðslu frá embætti yðar“. Bréf þessi voru lögð fram í uppböðsrétti 11. júlí 1975, þegar boð stefnda Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f var samþykkt og hann innti af hendi greiðslu uppböðsandvirðisins að hluta samkvæmt uppböðsskilmálunum. Bréf þessi verða ekki skilin á annan veg en þann, að í þeim felist yfirlýsing þessara aðilja um, að þeir afsali sér rétti til greiðslu af uppböðsandvirði bátsins.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka kröfur áfrýjanda til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda Hraðfrystistöðina í Reykjavík h/f til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 350.000 krónur.

Rétt er, að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingu Reykjaness.

#### D ó m s o r ð :

Tekin er til greina krafa áfrýjanda, Fiskveiðasjóðs Íslands, um, að eigi skuli koma til greiðslna til stefnda

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, að fjárhæð 100.022 krónur, og til stefnda Vélbátatryggingar Reykjaness, að fjárhæð 961.778 krónur, við úthlutun uppboðsandvirðis v/s Hannesar lóðs, VE 7.

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f greiði áfrýjanda, Fiskveiðasjóði Íslands, 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 27. nóvember 1975.**

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. október sl., hefur hæstbjóðandi, Hraðfrystistöð Reykjavíkur h/f, krafist þess, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, en þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Þá krefst hæstbjóðandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í málinu.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands eru þær kröfur gerðar, að uppboðskrafa sjóðsins verði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað.

Af hálfu Pósts og síma er sú krafa gerð, að frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa Pósts og síma verði greidd af uppboðsandvirðinu. Auk þess krefst Póstur og sími málskostnaðar sér til handa.

Með bréfi, dags. 30. apríl 1973, krafðist Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður þess, að m/b Hannes lóðs, VE 7, yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar sjóveðkröfum að fjárhæð samtals kr. 58.713.20 auk vaxta og kostnaðar. Uppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, var síðan auglýst í 35., 38. og 41. tbl. Lögbirtingablaðs-

ins 1973. Þar sem uppboðspoli, Anton Hjörleifsson, var búsettur að Hlíðarvegi 20, Ytri-Njarðvík, var uppboðið þingfest í Hafnarfirði þann 6. júlí 1973, en Gullbringusýsla tilheyrði þá embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Hafnarfirði. Ákveðin var síðan sala á eigninni sjálfri 2. ágúst 1973, en því uppboði var frestað.

Með bréfi, dags. 18. desember 1973, voru bæjarfógetanum í Keflavík send öll skjöl varðandi uppboð þetta. Var þar tekið fram, að með bréfinu fylgdu kröfulýsingar bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, Pósts og síma og uppboðsbeiðni Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, Reykjavík, allt ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, en skjöl þau höfðu þá ekki verið lögð fram. Að ákvörðun uppboðsréttar var ákveðin sala á bátnum þann 10. júlí 1974, en í því þinghaldi gengu allmargir aðilar inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur, þ. e. a. s. bæjarfógetinn í Hafnarfirði vegna sjómannatryggingargjalda að fjárhæð kr. 43.873.00 auk kostnaðar og vaxta, Brynjólfur Kjartansson héraðsdómslögmaður vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum vegna tryggingariðgjaldaskuldar að fjárhæð kr. 256.661.00 auk alls kostnaðar, Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður vegna Lárusar Gunnólfs-sonar og krafðist uppboðs til tryggingar skuldar að fjárhæð kr. 175.785.00 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Vélsmiðju Grindavíkur og krafðist greiðslu á kr. 61.193.00 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Olúfélagsins Skeljungs h/f og krafðist greiðslu á kr. 470.682.00 auk vaxta og kostnaðar og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Sigvaldasonar og krafðist greiðslu á kr. 42.361.00 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess var lýst allmörgum kröfum í uppboðsandvirðið, þ. e. skipaskoðunargjöldum og skoðunargjöldum frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum að fjárhæð kr. 17.539.00 auk vaxta og kostnaðar, Vélbátatryggingu Reykjaness vegna tryggingariðgjaldaskulda að fjárhæð kr. 3.170.712.00 og Pósti og síma, talstöðvargjöld kr. 41.609.10. Ekki varð af sölu á bátnum 10. júlí 1974, þar sem báturinn var ekki á uppboðsstað, þegar uppboðið skyldi fara fram. Uppboðið var síðan auglýst að nýju, og fór fram sala á bátnum 26. júlí 1974 við skipið, þar sem það lá við bryggju í Ytri-Njarðvík. Á þessu uppboði var hæsta boð 100.000.00 krónur af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Ákveðið var, að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram 5. september 1974, kl. 1330. Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hafði, er hér var komið, afturkallað uppboðsbeiðni sína, en Framkvæmdastofnun ríkisins hafði

gerst uppboðsbeiðandi og krafðist sölu á bátnum vegna veðskuld-  
ar að fjárhæð kr. 75.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess  
hafði Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður gerst uppboðs-  
beiðandi og krafðist sölu á bátnum til lúkningar veðskuldar að  
fjárhæð kr. 3.000.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Er uppboðið  
skyldi fara fram, kom í ljós, að uppboðsandlagið, m/b Hannes  
lóðs, VE 7, var í Þorlákshöfn. Samkomulag varð um að fresta  
uppboðinu fyrst um sinn í óákveðinn tíma, þar til uppboðsbeið-  
endur hefðu tekið ákvörðun um, hvort senda skyldi uppboðsmál-  
ið til sýslumannsins í Árnessýslu. Var nú málið næst tekið fyr-  
ir 10. janúar 1975 á reglulegu uppboðsþingi í Gullbringusýslu, og  
var því frestað að beiðni uppboðsbeiðenda til 9. maí 1975, er upp-  
boðsbeiðendur kröfðust þess, að önnur og síðasta sala færi fram  
á bátnum. Baturinn var þá í Dráttarbraut Keflavíkur h/f í Kefla-  
vík, og var ákveðin önnur og síðasta sala á bátnum 19. júní 1975,  
kl. 1400, og fór uppboðið fram, eins og ákveðið hafði verið. Gengu  
þá inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur Logi Guðbrandsson  
hæstaréttarlögmaður vegna 5. og 6. veðréttarhafa í framangreind-  
um bát, Fiskveiðasjóður Íslands sem 1. veðréttarhafi og Héðinn  
Finnbogason héraðsdómslögmaður vegna Tryggingastofnunar  
ríkisins. Þá lýsti Dráttarbraut Keflavíkur h/f haldsréttarkröfu  
í m/b Hannesi lóðs, VE 7, að fjárhæð kr. 580.514.00 auk vaxta  
og kostnaðar.

Eftir þeim uppboðskröfum, sem lágu frammi við uppboðið, út-  
bjó uppboðshaldari lauslegt yfirlit, sem síðan var lagt fram af  
hæstbjóðanda sem dómskjal í máli þessu og er þingmerkt nr. 79.  
Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður var mættur á upp-  
boði þessu, og hafði hann fengið framseldar kröfur þeirra Krist-  
ins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns vegna Þorsteins Einars-  
sonar og Þórarins Hauks Hallvarðssonar og kröfu Hauks Jóns-  
sonar hæstaréttarlögmanns vegna Lárusar Gunnólfssonar, en  
kröfur þessar voru sjóveðréttarkröfur. Í þinghaldi þessu var það  
upplýst af viðstöddum, að tjónbætur frá váttryggingarfélagum  
mundu fylgja bátnum, að fjárhæð ca 7.500.000.00. Ekki var mætt  
við uppboðið af hálfu váttryggingarfélaganna. Að þessu loknu  
var óskað eftir boðum í eignina, og komu einungis fram tvö boð.  
Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður bauð kr. 2.000.000.00  
og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður kr. 3.000.000.00 og  
krafðist útlagningar f. h. 5. og 6. veðréttarhafa. Uppboðshaldari  
tók sér allt að 14 daga frest til athugunar á framkomnum boð-  
um.

Þegar að loknu uppboðsþingi sendi uppboðshaldari öllum þeim, er gert höfðu kröfur eða voru uppboðsbeiðendur, bréf, þar sem farið var fram á, að þeir upplýstu um uppboðskröfur sínar vegna nauðungarsölu á bátnum. Var farið fram á það, að upplýsingar yrðu veittar um kröfur þeirra til beinna fjárgreiðslna með vöxtum og kostnaði miðað við 10. júlí 1975. Allir uppboðsbeiðendur og kröfuhafar svöruðu þessu bréfi uppboðshaldara og lýstu kröfum sínum miðað við áðurnefndan dag Vélbátatrygging Reykjaness tilkynnti uppboðshaldara með bréfi, dags. 7. júlí sl., að kröfu þeirra yrði skuldajafnað við tjónbætur, og lýsti því yfir, að „það yrði ekki krafist greiðslu frá embætti yðar.“ Samábyrgð Íslands sendi eftirfarandi bréf, dagsett 30. júní 1975: „Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráða-fúatjón á m.b. Hannesi lóðs VE 7, og verður skuld sú, sem lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum.“

Hinn 11. júlí 1975 mætti hæstbjóðandi í uppboðsrétti, og var þá boð hans í eignina samþykkt auk þess sem bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, og bréf Samábyrgðar Íslands, dags. 30. júní 1975, voru lögð fram og þingmerkt nr. 66 og 67. Var þá einnig lagt fram frumvarp að úthlutunargerð, þingmerkt nr. 68, en í því frumvarpi var ekki gert ráð fyrir greiðslu til Vélbátatryggingar Reykjaness og Samábyrgðar Íslands. Hæstbjóðandi greiddi í þinghaldi þessu 1/4 uppboðsandvirðisins, eða kr. 750.000.00, og kr. 89.920.00 í uppboðskostnað skv. uppboðsskilmálum. Frumvarp að úthlutunargerð var nú sent öllum uppboðsaðiljum og þeim gefinn frestur til að gera athugasemdir við frumvarpið til 22. júlí 1975, kl. 1400. Með bréfi, dags. 16. júlí 1975, tilkynnti Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður f.h. hæstbjóðanda, að hann gerði athugasemdir við frumvarp að úthlutunargerð af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7. Kvað hann í bréfi þessu það hafa komið fram bæði fyrir uppboðið og á uppboðinu sjálfu, að gerðar hefðu verið kröfur af hendi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um iðgjöld af m/b Hannesi lóðs, VE 7. Kvað hæstbjóðandi þessara iðgjalda ekki getið í frumvarpinu, og mótmælti hann því og krafðist þess, að þau yrðu greidd af uppboðsandvirðinu. Uppboðshaldari sendi nú öllum aðiljum uppboðsins athugasemdir hæstbjóðanda og óskaði þess, að þeir skiluðu greinargerð varðandi þær þriðjudaginn 12. ágúst 1975, kl. 1400. Þingað var í mál-

inu þann dag, og skilaði þá hæstbjóðandi greinargerð. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður skilaði og greinargerð fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þá voru auk þess mættir Ólafur Stefáns-son héraðsdómslögmaður vegna Fiskveiðasjóðs Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins og Jón Tómasson skrifstofustjóri vegna Pósts og síma. Óskuðu þeir eftir fresti til að skila greinargerðum, og var þeim veittur frestur til þriðjudagsins 26. ágúst 1975. Þingað var í málinu 26. ágúst, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Aðrir aðiljar uppboðsins höfðu óskað eftir frekari fresti til gagnaöflunar og framlagningar greinargerða, og var þá ákveðið að fresta málinu til 29. september 1975 vegna sumarleyfa. Er þingað var í málinu 6. október, var farið fram á frest af hálfu Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns sem lögmanns Pósts og síma, og var þá ákveðið að fresta málinu til föstudagsins 10. október. Enn fór Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður fram á frest, og var þá málinu frestað að hans ósk og með samþykki annarra uppboðsaðilja til 21. október sl., en þá var lögð fram greinargerð af hálfu Pósts og síma og ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram þriðjudaginn 28. október sl. Þriðjudaginn 28. október sl. fór síðan fram munnlegur málflutningur í málinu, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Hæstbjóðandi gerir, eins og áður segir, þær kröfur, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, þannig að þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma, Keflavík, og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Hann telur, að kröfur váttryggingarfélaganna séu jafnrétt háar og fái þau því greitt hlutfallslega af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi rökstyður þessar kröfur sínar með því, að við uppboðið hafi legið frammi yfirlit yfir gerðar kröfur í uppboðsandvirði bátsins og hafi framantaldar kröfur váttryggingarfélaganna þar verið taldar með. Hann telur það því hafa verið forsendu fyrir boði í bátinn, að þessar kröfur greiddust af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur, að ef þessi krafa hans verði ekki tekin til greina, þá greiði hann auk þeirra þriggja milljóna króna, sem var boð hans, iðgjaldakröfur váttryggingarfélaganna að svo miklu leyti sem þær greiðast af uppboðsandvirðinu. Krefst hæstbjóðandi þess, að allar kröfur verði teknar

með, sem gerðar hafi verið í uppboðsandvirði bátsins, en þær kröfur falli niður, sem uppboðsandvirðið hrekkur ekki til að greiða. Hann telur, að þeir aðiljar, þ. e. a. s. váttryggingarfélagin, sem taki raunverulega undir sjálfum sér kröfur sínar í bátinn, eigi engu að síður að vera teknir með sem aðiljar að uppboðsandvirði bátsins. Hann telur, að með því að greiða framangreindum aðiljum, þ. e. a. s. váttryggingarfélagunum, hafi hann staðið skil á hluta af uppboðsandvirðinu. Hann sé að vísu búinn að greiða allt uppboðsandvirðið, en hafi gert það með fyrirvara, eins og augljóst sé á því, að hann hafi skilað greinargerð varðandi þetta úrlausnarefni, áður en hann greiddi uppboðsandvirðið. Hann telur, að augljóst sé, að tjónbætur þær, er fylgdu bátnum, hafi verið seldar sem eins konar fylgifé bátsins. Váttryggingarfélagin hefðu orðið að skila því fylgifé til hins nýja eiganda bátsins, en jafnframt haft rétt til að skuldajafna þeirri kröfu, sem þeir höfðu í uppboðsandvirði bátsins, við tjónbæturnar. Hann bendir á til frekari stuðnings máli sínu, að við fasteignauppböð fái oft hluti af kröfu uppboðsbeiðenda að standa áfram veðtryggður í eign, en það þýði ekki, að uppboðsbeiðandi eða veðhafi falli frá kröfu sinni í uppboðsandvirðið, heldur leyfi hann aðeins uppboðskaupanda að taka við hinum áhvílandi veðum og séu kröfur hans taldar með, þegar úthlutað er uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur því, að hann eigi eingöngu að greiða uppboðshaldara mismuninn á kr. 3.000.000.00 og því, sem tryggingarfélagin eiga að fá af uppboðsandvirði bátsins. Hæstbjóðandi mótmælir því ekki, að váttryggingarfélagin hafi skuldajafnaðarrétt á tjónbótum og iðgjaldakröfum sínum, en mótmælir því, að það hafi það í för með sér, að uppboðshaldarinn hafi meira fé til ráðstöfunar til annarra veðhafa. Auk þess telur hæstbjóðandi, að bréf Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. 30. júní 1975, dskj. nr. 67, sé ekki yfirlýsing um það, að fallið verði frá kröfum þeirra í uppboðsandvirði bátsins, heldur hafi þar aðeins verið lýst yfir, að skuld sú, er þeir hafi lýst vegna nauðungaruppböðs á bátnum, yrði millifærð af tjónbótum. Með því telur hæstbjóðandi, að Samábyrgðin hafi eigi fallið frá kröfu sinni. Þá telur hæstbjóðandi, að bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, dskj. nr. 66, sé heldur ekki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirði nefnds báts, heldur sé því aðeins lýst yfir, að uppboðskrafan verði skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verði að greiða eigendum, og muni því ekki verða krafist greiðslu „frá embætti yðar“, eins og segi í bréfinu. Telur hæst-

bjóðandi, að ljóst sé, að þetta sé hvorki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirðið, né að fallið sé frá lögveðsrétti. Báðar þessar yfirlýsingar þýði það í raun og veru, að þessir aðiljar lýsi því yfir, að þeir muni taka undir sjálfum sér þessar uppboðskröfur.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands voru gerðar þær kröfur, að uppboðskrafa sjóðsins yrði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, þ. e. a. s. hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að uppboðskrafa Pósts og síma vegna talstöðvargjalda væri lögveðskrafa, og þess krafist, að hún yrði tekin sem venjuleg lögtaksskuld, þar sem talstöðvargjöld væru ekki tryggð lögveðsrétti. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að boð hæstbjóðanda í greint skip hafi verið bundið þeirri forsendu, að iðgjaldakröfur váttryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Af hálfu Fiskveiðasjóðs var því haldið fram, að það væri fjarri lagi, að bjóðendur við uppboð geti borið það fyrir sig, að einhverjar tiltekna forsendur liggi að baki boðum þeirra, enda séu eignir, sem boðnar séu upp, í ákaflega misjöfnu ástandi og kröfur, sem lýst er við uppboð, oft óvissar og skilyrtar. Sérstaklega var á það bent, að kröfur váttryggingarfélaganna hafi báðar verið dags. 5. júlí 1974, sbr. dskj. nr. 45 og 46, og hafi því hæstbjóðandi sem og aðrir aðiljar uppboðsins mátt gera ráð fyrir því, að kröfur þessar hefðu breyst. Það hafi og verið bókað á uppboðsþingi, að það væri upplýst, að tjónbætur fylgdu bátnum að verðmæti nettó ca 7.500.000.00. Þá heldur hann því fram, að hæstbjóðandi sem og aðrir viðstaddir á uppboðinu hljóti að hafa verið búnir að ákveða það, hvað þeir vildu gefa fyrir umrætt skip, og mátti þeim þá á sama standi, hvernig uppboðsandvirðinu yrði úthlutað. Hæstbjóðandi hafi fengið tjónbæturnar og því hafi það ekki getað verið forsenda af hans hálfu, að kröfur váttryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Telur hann, að váttryggingarfélagin hafi fyllsta rétt til að skuldajafna váttryggingariðgjöldum við tjónbætur, enda sé það gert af öllum váttryggingarfélagum og sé hér um venjuhelgaðan rétt váttryggingarfélaganna að ræða og sjálfsagða viðskiptavenju. Hann telur skuldajafnaðarrétt í eðli sínu miklu áhrifameiri heldur en lögveðrétt og það sé því eðlilegt, að váttryggingarfélagin hafi beitt þeim rétti í þessu tilviki. Þá bendir hann á 17. gr. laga nr. 25 frá 1929, þ. e. a. s. lög

um gjaldþrotaskipti, og telur, að lögjafna megi frá þeirri laga- grein varðandi það tilvik, sem hér er fjallað um. Hann telur það því rétt af uppboðshaldara að hafa ekki tekið kröfur váttryggingar- félaganna inn í frumvarp að úthlutunargerð, þar sem kröfur þessar hafi báðar liðið undir lok, áður en boð hæstbjóðanda í bátinn var samþykkt 11. júlí sl., sbr. dskj. nr. 66 og 67. Hann telur, að yfirlýsingar þessar verði að telja til ákvæða, sem hafi skuldbundið hæstbjóðanda, þegar hann hafi séð þær í uppboðs- réttinum 11. júlí sl. Þá bendir hann og á það, að ekki komi fram, að hæstbjóðandi hafi hreyft neinum andmælum á uppboðsþingi 11. júlí sl., er boð hans var samþykkt.

Af hálfu Pósts og síma var þess krafist, að frumvarp það að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hafi verið fram sem dskj. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa skjól- stæðings hans, Pósts og síma, verði greidd honum af uppboðs- andvirðinu. Auk þess krafðist Póstur og sími málskostnaðar. Af hálfu Pósts og síma er bent á það, að váttryggingarfélögin hafi verið búin að nota skuldajafnaðarrétt sinn, áður en til úthlutunar uppboðsandvirðisins kom. Skuldajafnaðarréttur þeirra sé ótví- ræður, enda sé hann viðurkenndur af hæstbjóðanda. Váttryg- ingarfélögin hafi verið búin að lýsa því yfir, að kröfur þeirra, væru greiddar og að þau gerðu engar kröfur í uppboðsandvirðið, og því beri þeim ekki greiðsla af uppboðsandvirðinu. Það sé viðurkennt með bréfum þeirra, að þau hafi fengið greiðslu á kröfum sínum af tjónbótunum og þau hafi, áður en boð hæstbjóð- anda var samþykkt, verið búin að skuldajafna þessari kröfu sinni við tjónbæturnar. Þeim hafi verið það fyllilega heimilt samkvæmt fastri venju og gildandi lögum. Þá telur Póstur og sími það óve- fengt af hæstbjóðanda, að lögveðréttur sé fyrir kröfu Pósts og síma. Henni fylgi ótvíræður lögtaksréttur og lögtak hafi þegar verið gert. Af því, er varðar lögveðrétt, telur hann, að hér sé um opinber gjöld að ræða og hægt sé að lögjafna við lög, er ákveði opinberum gjöldum lögveðrétt, og bendir sérstaklega á 216. gr. laga nr. 66/1963 um það, hvaða kröfur eigi sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi. Þá mótmælti hann þeirri kröfu Fiskveiðasjóðs Ís- lands, að ekki væri lögveðréttur fyrir framangreindri kröfu sem of seint framkominni.

Samkvæmt 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga sjóveðrétt í skipi „lestargjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi.“

Rétturinn lítur svo á, að telja verði talstöðvargjöld falla undir „önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi“, samkvæmt 1. t.l. 1. mgr. 216. gr. laga nr. 66/1963 og beri því þessum gjöldum sjóveðréttur í skipi. Af því leiðir, að talstöðvargjöldin ganga fyrir kröfum veðhafa í uppboðsandvirðið og kröfu váttryggingarfélaga vegna iðgjalda, en þær kröfur eru tryggðar lögveði samkv. sérstökum lögum.

Við framangreint annað og síðasta nauðungaruppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, sem fram fór 19. júní sl., lá frammi krafa Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum um greiðslu á fúatryggingariðgjöldum af uppboðsandvirði bátsins, að fjárhæð kr. 329.693.00 auk vaxta og kostnaðar, og krafa Vélbátatryggingar Reykjaness um greiðslu iðgjaldaskuldar vegna framangreinds báts, að fjárhæð kr. 3.170.712.00, en bæði þessi kröfubréf voru dagsett 5. júlí 1974. Ekki var mætt af hálfu þessara aðilja uppboðsins við uppboðið sjálft og því engar frekari upplýsingar fyrirbyggjandi um, hverjar endanlegar kröfur þeirra væru. Uppboðshaldari óskaði eftir því með bréfum, dagsettum 23. júní sl., að viðkomandi váttryggingarfélög gerðu grein fyrir kröfum sínum miðað við ákveðinn dag. Samábyrgð Íslands sendi þá uppboðsréttinum svohljóðandi bréf, dags. 30. júní 1975: „Vegna fyrirsagnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráðafúatjón á m. b. Hannesi lóðs VE 7, og verður skuld sú, er lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum.“ Vélbátatrygging Reykjaness sendi uppboðsréttinum einnig bréf, dags. 7. júlí sl., svohljóðandi: „Hannes lóðs VE 7. Uppboðskrafa Vélbátatryggingar Reykjaness mun verða skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verður að greiða eigendum, og mun því ekki verða krafist greiðslu frá embætti yðar.“

Kemur þá til álita, hvernig túlka beri framangreind bréf váttryggingarfélaganna.

Rétturinn telur, að tjónbætur þær, sem fylgdu bátnum, hafi verið fylgífé bátsins og beri því váttryggingarfélagunum að skila því fylgífé til hæstbjóðanda, eftir að uppboðið hefur farið fram. Bréf váttryggingarfélaganna verða þá ekki skilin á annan hátt en þann, að þau séu yfirlýsingar þeirra um það, að þau hafi fengið greiddar kröfur sínar frá hæstbjóðanda. Verður því að telja, að greiðsla á váttryggingariðgjöldunum hafi verið greiðsla á hluta uppboðsandvirðisins. Af því leiðir, að taka ber til greina kröfur hæstbjóðanda, að tekinn verði inn í frumvarp að úthlut-

unargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sá hluti af kröfum váttryggingarfélaganna, sem greiðist af uppboðsandvirðinu. Þar sem váttryggingarfélögin svöruðu bréfum uppboðshaldara, dags. 23. júní sl., þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um kröfur þeirra miðað við ákveðinn dag, á þann veg, að ekki varð af þeim bréfum ráðið, að kröfur þeirra hefðu breyst, lítur uppboðsrétturinn svo á, að miða verði við upphaflega kröfugerð váttryggingarfélaganna. Frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði Hannesar lóðs, VE 7, verður því á þennan veg:

I. Forgangs- og lögveðskröfur, sem greiðast að fullu:

1. Haldsréttarkrafa Dráttarbrautar Keflavíkur h/f .....	kr. 1.219.048.00
2. Skoðunar-, lesta- og vitagjöld 1973 til 1975 ..	— 17.724.00
3. Aukaskoðun 14. nóvember og 10. desember 1973 .....	— 3.050.00
4. Sjómannatryggingariðgjöld 1973 og 1974 ..	— 195.697.00
5. Iðgjöld í lífeyrissjóð sjómanna .....	— 89.168.00
6. Talstöðvargjöld til Pósts og síma vegna Hannesar lóðs, VE 7 .....	— 111.423.00
7. Sjóveðréttarkrafa Þorsteins Einarssonar ..	— 69.093.00
8. Sjóveðréttarkrafa Þórarins Hauks Hallvarðssonar .....	— 36.878.00
9. Sjóveðréttarkrafa Lárusar Gunnólfssonar ..	— 196.219.00
10. Samhliða: Upp í kröfu Vélbátatryggingar Reykjaness 90,58% af kr. 1.061.800.00 .....	— 961.778.00
Upp í kröfu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 9,42% af kr. 1.061.800.00 .....	— 100.022.00

---

Samtals kr. 3.000.000.00

II. Veðkröfur.

Eftirtaldar veðskuldir falla niður og skulu afmáðar úr veðmálabókum.

1. Krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti samkvæmt veðbréfi, dagsettu 10. febrúar 1969, upphaflega að fjárhæð kr. 2.340.000.00.

Að öðru leyti verður frumvarpið eins og það var upphaflega lagt fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna gífurlegra anna dómarsans við stjórnslu auk veikinda hans.

Þess skal getið, að málflutningur í máli þessu var geymdur á talvél, og gat því dómarrinn stuðst við þá upptöku eftir þörfum. Jón Eysteinnsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem seldur var á nauðungaruppboði 19. júní 1975, skal krafa Pósts og síma um greiðslu talstöðvargjalda greiðast á undan kröfum veðhafa í framangreindan bát og á eftir þeirri kröfu, en á undan kröfum veðhafa, skal greiðast upp í kröfur Sam- ábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykja- ness í réttu hlutfalli við kröfur þeirra. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. maí 1980.

Nr. 98/1977. **Kjartan Gunnarsson**  
**Geir Waage**  
**Anna K. Jónsdóttir og**  
**Tryggvi Agnarsson**  
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hdl.)  
 gegn  
**Garðari Mýrdal**  
**Eiríki Brynjólfssyni**  
**Gunnlaugi Ástgeirssyni**  
**Jóni Guðna Kristjánssyni og**  
**Halldóri Ármanni Sigurðssyni**  
 og gagnsök  
 (Ingi R. Helgason hrl.).

Lögmæti félagsfundar. Fundarsköp. Lögbann.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns- son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.